

12. gr.

121

Dómnefnd getur, með einu samþykki og af sérstöku tilefni, veitt ein heiðurs- 15. sept.
verðlaun úr gulli hvenær sem er, óháð reglubundnum verðlaunum.

13. gr.

Framkvæmdastjórn sjóðsins hafa að jafnaði á hendi tveir menn:

1. Aðalskrifstofustjóri útvarpsins; hann hefur umsjón með sjóðnum, geymir fé hans og eigur og gerir ársreikning, sem endurskoða skal jafnhliða reikningum útvarpsins.
2. Maður sem stofnendur sjóðsins tilnefna, en síðan niðjar þeirra.

Greini þessa menn á, skal aðalendurskoðandi ríkisins kvaddur til úrskurðar. Svo skal hann og til kvaddur á sama hátt um allar ákvarðanir sem varða hag sjóðsins að verulegu leyti, enda sé ársreikningur sjóðsins jafnan lagður fyrir hann sérstaklega til athugunar.

Sá stjórnarmaður, sem tilnefndur er af stofnendum eða niðjum þeirra, greiðir ekki atkvæði um neitt það atriði sem snerta kann hagsmuni ættarinnar gagnvart sjóðinum.

Stjórnarmenn skrá ákvarðanir sínar í gerðabók.

14. gr.

Tekjur sjóðsins og fjárhag skal tryggja þannig:

1. Stofnendur leggja fram í upphafi:
 - a. 10 — tíu — heiðurspeninga úr gulli, fullgerða.
 - b. 12 — tólf — heiðurspeninga úr silfri, fullgerða.
 - c. 60 — sextíu — heiðurspeninga úr bronsi, fullgerða.
 - d. Reiðufé kr. 5 000.00 — fimm þúsund krónur.
 - e. Skuldabréf, kr. 35 000.00 — þrjátíu og fimm þúsund krónur, með fullnægjandi veði í húseigninni Suðurgötu 6 í Reykjavík. Skuldabréfið er afborgana laust, en ársvextir 6%. Vexti skal meta af nýju hvenær sem verða kynni verðfall á peningum, og skal sjóðstjórnin þá, með ráði Hagstofunnar, hækka vextina í hlutfalli þar við. En ekki skal breyta vöxtunum til lækkunar. — Stofnendur, en síðan börn þeirra, geta með samþykki sjóðstjórnar innleyst skuldabréfið að nokkru eða öllu með jafntryggum verðmætum, þar með fullgerðum heiðurspeningum úr gulli eða silfri. — Þegar greiddir vextir af bréfinu nema samtals jafnmiklu og höfuðstóllinn í upphafi, eða sá höfuðstóll sem þá stendur eftir, skal sjóðstjórn og dómnefnd sameiginlega meta það, hvort sjóðurinn þurfi lengur að halda tekjum af skuldabréfinu. Verði svo metið, að hann þurfi ekki lengur þeirra tekna, má fella bréfið niður og láta aflýsa því, enda sé þá jafnframt gerð af réttum aðilum fullnægjandi og eðlileg ráðstöfun um þá eign, sem þannig verður laus. Enginn ágreiningur má um þetta vera, og skal ella ógert látið.
2. Stofnendur ánafna sjóðnum nokkur tilgreind listaverk eftir Ásgrím Jónsson og Jóhannes Kjarval, samkvæmt fylgiskrá, metin nú á kr. 60 000.00 — sextíuþúsund krónur. Þú stofnendanna hefur ábyrgð á að listaverkin verði seld fyrir sextíuþúsund krónur samtals, svo og rétt til að innleysa þau við þessu verði. — Listaverkin verði fyrst um sinn í vörzlu gefenda, og örugglega váttryggð, en verði varið til fjár eftir því sem henta þykir.

15. gr.

Deild úr sjóðnum er „Dánarsjóður Daða Hjörvar“ og tekur við minningar-
gjöfum um látna menn. Sú deild er í umsjá stofnenda, en síðan niðja þeirra.